



## 378. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 26. apríl 2011. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Björgvin G. Sigurðsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þráinn Bertelsson boðaði forföll.

Þetta gerðist:

### 1. Hugmyndaleitin.

Á síðasta fundi ÞVN, þann 15. apríl, lagði formaður fram tillögu að dómnefnd fyrir hugmyndaleit á Þingvöllum. Formaður vill bregðast við athugasemdum sem þar komu fram og leggur því fram breytta tillögu um 5 manna dómnefnd. Tillagan er eftirfarandi; formaður yrði Ragna Árnadóttir fyrrv. ráðherra og meðdómendur hennar yrðu Andri Snær Magnason rithöfundur, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu, Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur og Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og formaður íslensku heimsminjanefndarinnar.

Ragnheiður Elín Árnadóttir furðar sig á vinnubrögðum formanns, enda taldi hún að á þessum fundi yrðu tillögur um dómnefndarmenn ræddar, en ekki að formaður legði fram breytta tillögu. Í framhaldi leggja Ragnheiður Elín og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fram lista með nöfnum einstaklinga sem þeim finnst koma til greina sem dómendur í hugmyndaleitinni. Þorgerður Katrín og Ragnheiður Elín leggja ríka áherslu á að klára þetta mál þannig að allir gangi sáttir frá borði.

Sigurður Ingi Jóhannsson leggur einnig áherslu á, eins og á síðasta fundi, að sátt náist um þessa dómnefnd og að innan hennar verði ekki umdeildir einstaklingar.

Formaður bendir á að hún hafi ekki skipað dómnefnd, einungis gert tillögu til nefndarinnar um áðurnefnda einstaklinga. Formaður telur að ganga verði til atkvæðagreiðslu ef ekki náist sátt um málið. Hins vegar sé ekki nein tímapressa á verkefninu og því geti nefndin ákveðið að geyma þetta mál um sinn og sjá hverju fram vindur.

Frestað.

## 2. **Almannagjá.**

Efst á Kárastaðastíg varð vart við jarðfall þann 31. mars síðastliðinn. Þegar hreinsað var ofan af jarðfallinu opnaðist gjá sem er 2–3 m á breidd, 4–5 m á lengd og 10–14 m á dýpt. Páll Einarsson prófessor í jarðeðlisfræði fór og skoðaði gjána þann 1. apríl sl. ásamt starfsmönnum Þjóðgarðsins og er nú beðið eftir skýrslu hans. Stefnt er að því að fá Pál á næsta fund Þingvallanefndar til að kynna niðurstöður sínar. Jarðfallinu var samdægurs lokað með planka og girt í kring til að forðast slys.

Nýja gjáin opnar ýmsa möguleika fyrir þjóðgarðinn. Margar hugmyndir hafa þegar komið fram um hvernig nýta megi gjána til að auka fræðslugildi þjóðgarðsins, m.a. að leggja plexíglær eða harðplast yfir svo hægt verði að horfa niður í gjána, eða leggja stálgrind yfir „gatið“ og koma fyrir lýsingu til að hægt væri að horfa niður í gjána. Lögð er áhersla á að fá verkfræðing og arkitekt sem fyrst að borðinu, þannig að rétt verði að að öllum verkþáttum staðið. Ljóst er að viðgerð mun kosta háar fjárhæðir óháð því hvaða útfærsla verður valin.

Í framhaldi þarf að laga planið fyrir ofan Kárastaðastíg, milli fræðslumiðstöðvar og Haksins, og koma fyrir dreni til að leiða vatn frá stígnum í framtíðinni. Vatnsgurinn frá planinu á að öllum líkindum þátt í því að nýja gjáin opnaðist.

Samþykkt var að fela þjóðgarðsverði og formanni að láta gera kostnaðar- og verkáætlun um hvernig best sé að standa að framkvæmdum við gjána og planið fyrir ofan Kárastaðastíg. Mikilvægt að þetta mál sé unnið hratt, enda mikill ferðamannstraumur framundan.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.05.